



UMHVERFISSTOFNUN

VEIÐI DAGBÓK

2014





- **Almannaréttur**
- **Aðgengi að veiðilendum**
- **Veiðiréttur**
- **Markvissar rannsóknir á vistkerfum veiðidýra**
- **Skynsamleg nýting dýrastofna**
- **Fagleg veiðistjórnun**

Í eftirfarandi greinum birtast skoðanir og viðhorf greinahöfunda sem endurspegla ekki alltaf skoðanir og viðhorf Umhverfisstofnunar. Með birtingu greinanna er ekki verið að taka afstöðu til efnis þeirra.



EFNISYFIRLIT



4	ÞJÓNUSTA
6	REFA- OG MINKAVEIÐAR
7	FYRIRKOMULAG REFA- OG MINKAVEIÐA
8	SUNDURLIÐUÐ REFAVEIÐI 1998-2013
8	YFIRLIT REFA- OG MINKAVEIÐA 2010-2013
9	ÚTHLUTANIR ÚR VEIÐIKORTASJÓÐI
10	ÚTGEFIN VEIÐIKORT 1995-2013
11	SKRÁNING VEIÐISVÆÐA Á VEIÐISKÝRSLU
12	ANDAVEIÐAR Á ÍSLANDI
14	TENGLS HEILBRIGÐIS OG STOFNBREYTINGA RÚPUNNAR
18	HUGVEKJA FRÁ SKOTVÍS
20	ÍSLENSKIR SJÓFUGLAR
36	ÞÉTTLEIKI HREINDÝRA Í HÖGUM Á AUSTURLANDI
40	FARHÆTTIR OG VETRARSTÖÐVAR ÍSLENSKRA SVARTFUGLA
44	VEIÐITÖLUR

Umhverfisstofnun gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.
Borgir v/Norðurlóð • 600 Akureyri • Sími: 591 2000
Heimasíða: www.umhverfisstofnun.is • Tölvupóstur: veidistjorn@ust.is

Ljósmynd á forsíðu: Sindri Skúlason
Prentun: Guðjón Ó • Sími 511 1234
Ritstjóri: Steinar Beck
Umbrót og hönnun: Einar Guðmann
Ábyrgðarmaður: Bjarni Pálsson
Útgáfunúmer UST-2014:01



Þjónusta

Veiðimenn er sá hópur sem Umhverfisstofnun er í hvað mestum samskiptum við. Árlega eru gefin út um 12 þúsund veiðikort. Við viljum bæta þjónustu okkar og sérstaklega rafræna þjónustu. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir okkur að fá ábendingar um hvað megi betur fara. Á umhverfisstofnun.is er að finna ábendingarhnapp sem við hvetjum ykkur til að nota. Þar má senda ábendingar um það sem betur má fara en líka hrós um það sem vel gengur.

Veiðimenn hafa gegnum tíðina verið með með góð skil á veiðiskýrslum. Á síðasta ári skiluðu 92% veiðimanna veiðiskýrslum undangengis árs. En það má gera enn betur og er stefnan sett á 95% skil enda gefa veiðiskýrslur mjög mikilvægar upplýsingar fyrir veiðistjórnun.

Á árinu hélt Skotvís í samvinnu við Umhverfisstofnun ráðstefnu þar sem horft var til framtíðar hvað varðar rannsóknir og stjórnun villtra veiðistofna. Ein af meginniðurstöðum ráðstefnunnar var að traust milli yfirvalda, veiðimanna og annarra hagsmunaaðila væri forsenda þess að vel gangi. Umhverfisstofnun vill

byggja upp þetta traust með því meðal annars að bæta upplýsingagjöf og þjónustu til veiðimanna. Eitt af verkefnum þessa árs er að setja inn svör við algengum spurningum frá veiðimönnum. Það gæti sparað mörgum tíma og umstang.

Umhverfisstofnun lagði áherslu í sínu erindi á mikilvægi góðs samstarfs milli aðila. Góð þekking á stöðunni eins og hún er í dag, þ.e. hvað við vitum og hvað við vitum ekki, er mikilvæg. Til er margs konar þekking: vísindaleg þekking, reynsla veiðimanna og heimamanna sem og sjónarmið hagsmunaaðila.

Ætíð þarf að hafa í heiðri ákveðin grunngildi og siðferði þegar horft er til framtíðar. Jafnframt er nauðsynlegt að leyfa uppbyggilega og gagnrýna umræðu um hvernig við höfum gert hlutina hingað til og vera tilbúin til þess að prófa nýjar leiðir til að ná betri árangri. Viðurkenning og virðing allra er mikilvægur þáttur í því að ná árangri.

RIO
AMMUNITION Since 1896

**GÓÐ SKOT
Á GÓÐU VERÐI**

Stoeger

**STOEGER 3500
KAGLAHYSSA ÁRSING
I BARRABÁRUM JUMMUM 2012**

**Framfarisskjal
Fyrir árið 2010**

**Framfarisskjal
Fyrir árið 2011**



**Framfarisskjal
Fyrir árið 2012**

VEIÐIHORNIÐ
SÍM. NÚM. 11 - 220 541 410 - 100 BORGARSÍÐA

Refa- og minkaveiðar

Tölurnar eru samantekt sem nær yfir tímabilið 1957-2012

Árið 2013 bárust skýrslur frá 61 sveitarfélagi vegna refa og minkaveiða. Uppgjörstímabilið er frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Mótframlag ríkisins vegna minkaveiða var um 13,6 milljónir og eingöngu vegna minkaveiða.



Fyrirkomulag refa- og minkaveiða

Líkt og árið 2011 þá greiddi ríkið ekki með refaveiðum 2013 en endurgreiðslur vegna minkaveiða voru óbreyttar. Á árinu 2013 lögðu stjórnvöld 30 milljónir til refaveiða en þau framlög verða háð ákveðnum skilyrðum til að veiðarnar verði markvissari, einnig var gert ráð fyrir 30 milljónum árið 2014. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið skipaði starfshóp sem hafði það að markmiði að gera veiðarnar markvissari ásamt því að skýra hlutverk ríkis gagnvart sveitarfélögum í þessum málaflokki. Starfshópurinn hefur lokið vinnu sinni og lagt til ákveðnar breytingar sem undibúna verða með reglugerðabreytingum sem ljúka á fyrir 1. júní 2014. Umhverfisstofnun hefur verið að vinna að landsáætlun vegna refa- og minkaveiða með Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem leggur grunninn af samningnum sem gera þarf vegna refa- og minkaveiða.

Sveitarfélögin ráða menn til refa- og minkaveiða og greiða veiðimönnum fyrir veiðarnar en það er misjafnt milli sveitarfélaga hvort eða hve mikið þau greiða fyrir dýr sem óráðnir menn skila

inn. Skilyrði fyrir því að fá greitt fyrir dýr er að skotti sé skilað inn en hyggst menn fá greitt fyrir unnið dýr þarf að hafa samband við sveitarfélagið þar sem dýrið var unnið.

Árlega auglýsir Umhverfiráðuneytið viðmiðunartaxta sem ákvarðaður er út frá þeirri upphæð sem áætluð var í málaflokkinn á fjárlögum ársins og veiðum undangenginna ára. Uppgjörstímabilið er 1. september til 31. ágúst árið eftir en í september senda sveitarfélög Umhverfisstofnun veiðiskýrslur og reikninga tímabilsins. Umhverfisstofnun fer yfir skýrslur og reikninga tímabilsins og greiðir sveitarfélögum allt að helmingi viðmiðunartaxta. Ljóst er að þar sem ríkið hættir að taka þátt í niðurgreiðslu vegna refa- og minkaveiða verða sveitarfélög að endurskoða með hvaða hætti staðið er að veiðunum. Umhverfisstofnun sendi bréf til sveitarfélagana þar sem þess var óskað að fá upplýsingar um refa- og minkaveiðar þrátt fyrir að engar endurgreiðslur væru fyrir þær.

Sundurliðuð refaveiði 1998-2013 á vegum sveitarfélaga

Ár	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2013	1886	1267	1692	4845
2012	1544	976	1466	3986
2011	2170	960	1678	4807
2010	2891	1273	2230	6394
2009	3540	1121	2084	6745
2008	3092	1089	2259	6440
2007	2397	939	1908	5244
2006	2687	858	1875	5420
2005	2151	991	2183	5325
2004	2340	1084	2264	5688
2003	2154	833	1845	4832
2002	2571	790	1907	5268
2001	1860	881	1936	4677
2000	1899	757	1812	4468
1999	2073	731	1769	4573
1998	1476	629	1669	3774

Yfirlit refa- og minkaveiða 2010-2013

	Refir			Minkar		
	2013*	2012*	2011*	2013	2012	2011
Veidd dýr	4,845	3,986	4,952	2,845	2,878	3,899
Vinnustundir	10,401	8,538	9,261	7,716	7,594	9,246
Eknir km	61,907	65,440	52,958	61,038	57,798	74,129
Kostnaður millj.kr	79	61	67	35	31	37
Kostn. pr.veitt dýr	16,383	15,374	13,454	12,504	10,851	9,453
Vinnustundir pr. veitt dýr	2.1	2.1	1.9	2.7	2.6	2.4
Eknir km. pr. veitt dýr	12.8	16.4	10.7	21.5	20.1	19.0

* Ríkið greiddi ekki mótfanglag til sveitarfélögunna vegna refaveiða 2011-2013.

Úthlutanir
úr veiðikortasjóði

Í lok árs 2010 skipaði Umhverfisráðherra ráðgjafanefnd um úthlutun úr veiðikortasjóði. Nefndina skipa tveir fulltrúar tilnefndir af Umhverfisstofnun og fulltrúar frá Skotveiðifélagi Íslands, Bændasamtökum Íslands og frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfisverndar.

Alls bárust 18 usmóknir þar sem sótt var um rúma 57 milljón í styrki. Nefndin fjallaði um þau verkefni sem sótt var um 2012 og gerði tillögu að úthlutun.

Hér að neðan má sjá verkefni sem hlutu styrk og þau verkefni sem ráðgjafanefndin mælti með.

Árið 2013 var úthlutað úr Veiðikortasjóði af rekstrarafgangi ársins 2012 til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Úthlutun	Tillögur
Mynstur í framleiðni grágæsa á landsmælikvarða - HÍ	2,150,000	2,000,000
Fækkun íslenskra sjöfugla: talningar í fjórum stærstu fuglabjörgum landsins 2013 - HÍ	3,000,000	3,000,000
Hvað eru refirnir að éta? - fæða íslenskra melrakka að vetrarlagi - MÍ	3,450,000	0
Snikjudýrasykingar, líkamsástand og stofnbreytingar rjúpu á Íslandi - NÍ	1,100,000	1,100,000
Vöktun rjúpnastofnsins og afrán fálka á rjúpu - NÍ	10,000,000	7,503,000
Vetrartalning íslenskra hreindýrastofnsins - NA	2,000,000	2,000,000
Rannsóknir á lunda 2013-Vöktun viðkomu, fæðu, líftala og könnun vetrarstöðva - NS	3,350,000	3,350,000
Stofnlikan fyrir rjúpu - HÍ	2,240,000	2,240,000
Vöktun á unghlutfalli í veiðistöfnum gæsa og anda - Verkis	2,000,000	2,000,000
Sphingógerlar úr íslenskum fléttum og hreindýrum	0	1,523,000
Gerð fræðsluefnis um meðferð villibraðar	0	968,000
Samtals	29,290,000	25,684,000


Útgefin veiðikort 1995-2013



Fjöldi útgefnna veiðikorta, tekjur og kostnaður.

Ár	Fj. Umsóknna	Útg. veiðikort	Greidd veiðikort	Tekjur	Rekstrarkostn.
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,8	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.619	20,2	5,7
2003	9.927	8.518	8.507	18,7	6,8
2004	8.119	7.725	7.720	16,7	7,9
2005	10.542	10.512	10.495	23,1	8,6
2006	10.382	10.032	10.028	22,1	9,2
2007	10.821	10.211	10.210	22,5	9,8
2008	11.347	10.430	10.424	24,9	12,0
2009	13.755	12.421	12.400	48,4	16,8
2010	13.593	12.926	12.838	48,0	15,4
2011	13.650	12.675	12.675	47,5	15,5
2012	12.835	11.907	11.907	44,1	15,4
2013	12.843	12.067	12.067	45,8	17,4

Skráning veiðisvæða á veiðiskýrslu



Á veiðiskýrslum er landinu skipt upp í sex veiðisvæði. Afliinn sem skráður er á veiðiskýrsluna er þannig skráður á ákveðinn landshluta. Á meðfylgjandi korti má sjá grófa skiptingu.

Andaveiðar á Íslandi


Talið er að um 22 tegundir af öndum verpi á Íslandi. Algengasta andategundin á Íslandi er æðarfugl en hann hefur verið alfriðaður frá árinu 1847. Af þessum 22 andategundum er heimilt að veiða 7 hér á landi. Þessar tegundir eru stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, hávella, toppönd, duggönd og skúfönd.

Algengasta veiðiöndin er stökkönd og er það jafnframt stærsti stofninn af þeim öndum sem heimilt er að veiða. Stofninn er metinn um 10.000-

15.000 varppör en veiðarnar hafa að meðaltali verið um 10.500 fuglar á ári. Mest var veitt af stökkönd árið 2009 eða rúmlega 15.000 fuglar samkvæmt veiðiskýrslum frá veiðimönnum.


Árið 2009 veiddust 15.000 stökköndur samkvæmt veiðiskýrslum. Stofninn er metinn 10.000-15.000 varppör.

Veiðar á hinum 6 andategundum sem einnig eru leyfðar eru heldur minni. Næst á eftir stökköndinni koma urtöndin og hávellan þar sem meðalveiðin hefur verið um 1.400 fuglar á ári frá 1995. Aðrar andategundir eru mun minna veiddar líkt og sjá má á mynd 1. Meðalveiði síðustu ára á skúfönd og duggönd er um 150-



Mynd 1.

Veiðar á stökkönd



Mynd 2.

200 fuglar. Veiðar á rauðhöfða og toppönd eru svo þarna á milli með meðalveiði milli 600 og 1.000 fugla.

Andaveiðar geta verið mjög skemmtilegar veiðar hvort sem um er að ræða hefðbundna fyrirsát eða svokallað „jump shooting“. Jump shooting er þegar gengið er meðfram skurðum og endur skotnar. Líklega fer mest af andaveiðinni fram samhliða gæsaveiðinni. Mikilvægt er að læra að þekkja þær andategundir sem veiða má en sérstaklega

erfitt getur verið að greina kollur mismunandi tegunda þar sem þær eru yfirleitt svipaðar á litinn.

Rannsóknir á tengslum heilbrigðis og stofnbreytinga íslensku rjúpunnar

Stofnbreytingar íslensku rjúpunnar eru forvitnilegt fyrirbæri, stofninn rís og hnígur með reglubundnu millibili og hver lota tekur 10-12 ár. Fyrri rannsóknir hafa lýst lýðfræði stofnsveiflunnar en það eru örlög fugla á fyrsta ári yfir haust og vetur sem ráða mestu um að stofninn tekur reglubundnum sveiflum. Afföll ungfuglanna eru háð þéttleika og breytast á kerfisbundinn máta líkt og stofninn en með hnikki þannig að þau eru mest 2-3 árum á eftir hámarki í stofnstærð. Erfiðara hefur verið að sýna hvaða náttúrulegu öfl valda því að afföll hækka og lækka. Margt bendir þó til þess að fálkinn leiki hér hlutverk en hann er sérhæfð rjúpnazæta, fylgir rjúpunni allt árið og stofnbreytingar tegundanna eru í takti en þannig að fálkinn er í hámarki um 3 árum á eftir hámarki í stofnstærð rjúpu.

Haustið 2006 var hafist handa við rannsóknir á því hvernig þættir sem lýsa heilbrigði rjúpunnar breytast á milli ára.


Haustið 2006 var hafist handa við rannsóknir á því hvernig þættir sem lýsa heilbrigði rjúpunnar breytast á milli ára og hvernig þeir tengjast stofnbreytingum. Þetta verkefni á að spanna a.m.k. eina lotu stofnsveiflunnar og er unnið í samstarfi sérfræðinga við Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands, Háskólann á Heiðmörk í Noregi, Náttúrustofu Norðausturlands og Náttúrustofu Austurlands. Rannsóknasvæðið er í Þingeyjarsýslum og Náttúruannsóknastöð við Mývatn hefur veitt aðstöðu við útvinnu. Fuglum er safnað í fyrstu viku október ár hvert og sýnið er 100 fuglar (60 ungfuglar og 40 fullorðnir fuglar). Ástæðan fyrir því að október var valinn til sýnatöku er að haustið og fyrri hluti vetrar er sá tími þegar afföll eru mest og örlög stofnsins ráðast, og því mikilvægt að fá sýni sem endurspeglar ástand fuglanna á þessu örlagarika skeiði. Einnig er mikilvægt að sýnin séu tekin á sama tíma ár hvert þar sem verulegar breytingar verða á stærð sumra líffæra eftir árstímum og því er fuglum alltaf

safnað í fyrstu viku október. Ástæðan fyrir því að Þingeyjarsýslur urðu fyrir valinu til rannsókna er að þar hafa um áratugaskeið verið stundaðar rannsóknir á stofnvistfræði rjúpunnar og niðurstöður úr þeim rannsóknum gefa m.a. gögn um stofnvisitölu og afföll sem notað eru í heilbrigðisrannsókninni.

Fuglarnir eru vigtaðir, mældir og krufðir innan þriggja daga frá söfnun og sýni tekin til frekari greininga. Ut frá þessum gögnum má lýsa stærð fuglanna, prótin- og fituförða, stærð ákveðinna líffæra, snikjudýrabýrði,

streituástandi, heilbrigði fjaðurhams, arfgerð og mörgu fleira. Nú er búið að kryfja og greina 800 fugla í rannsókninni og margt nýtt og forvitnilegt komið í ljós, m.a. hversu miklar breytingar eru á milli ára bæði á stærð forða og eins ákveðinna líffæra og hvernig þessir þættir tengjast stofnbreytingum. Hér verða tveir þættir teknir sem dæmi, annars vegar holdastuðull fuglanna, sem er áviti á prótinförða þeirra, og hins vegar þyngd milta. Það síðarnefnda hefur verið notað af vistfræðingum sem áviti á virkni ónæmiskerfis þar sem stórt milta endurspeglar einstakling sem orðið

Búið er að kryfja og greina 800 fugla í rannsókninni og margt nýtt og forvitnilegt hefur komið í ljós.




Stofnvísitala, holdastuðull og meðalþyngd milta rjúpu í Þingeyjarsýslum 2006 til 2013. Gagnaraðirnar voru staðlaðar með því að reikna frávik hvers árs frá meðalgildi raðarinnar og deila í fráviknið með staðalfrávikni raðarinnar. Stofnvísitalan er meðalþéttleiki karra í maí á 6 talningasvæðum í Þingeyjarsýslum.

hefur fyrir meiri sýkingum en einstaklingur með lítið milta. Niðurstöður eru sýndar í meðfylgjandi mynd. Á myndinni sést hvernig forðanæring og milta breytast nokkurn veginn í sama takti og eins hvernig þessar breytur fylgja stofnbreytingum. Hér er ekki rúm til að ræða hvað stýrir þessum ferlum en tengsl þeirra eru sérstök. Þannig var forðinn mestur og miltað þyngst 2009, það er haustið á undan hámarki í stærð stofnsins vorið 2010. Báðir ferlarnir voru byrjaðir að rísa haustið 2012 og spáðu fyrir um stofnvöxtinn sem kom svo óvænt

Hafi þetta spágildi má ætla að vöxtur stofnsins haldi áfram.

í ljós vorið 2013. Þessi aukning heldur áfram 2012 til 2013 og hafi þetta spágildi má ætla að vöxtur stofnsins haldi áfram. Rétt er að ítreka að þessar gagnaraðir lýsa ástandinu á Norðausturlandi. Annað sem styrkir okkur í þeirri trú að talningar í vor (2014) muni sýna stækkandi stofn á Norðausturlandi eru aldurshlutföll í rjúpnæfla haustið 2013 en á þessu svæði var unglutfallið 83% sem er með því allra hæsta sem þar hefur mælst.

Skráning veiðisvæða á veiðiskýrslu



Á veiðiskýrslum er landinu skipt upp í sex veiðisvæði. Afllinn sem skráður er á veiðiskýrsluna er þannig skráður á ákveðinn landshluta. Á meðfylgjandi korti má sjá grófa skiptingu.

ÚRVAL AF AMERÍSKU ENDURHLEÐSLUPÚÐRI



UMBOÐSADILI Í ÁSLANDI



Eingöngu koma til greina þau fyrirtæki sem staðist hafa styrkleikamat Creditinfo og uppfylla ströng skilyrði. Bráð ehf er á meðal 1% íslenskra fyrirtækja sem standast þær kröfur.



Hugvekja frá SKOTVÍS

Á vordögum 2013 stóðu SKOTVÍS og Umhverfisstofnun fyrir ráðstefnu um veiðistjórnun á Íslandi. Þar kom margt fróðlegt fram en meðal fyrirlesara voru sérfræðingar frá samtökum evrópskra skotveiðifélaga – FACE ásamt vísindamönnum. Það er ljóst að veiðistjórnun á Íslandi er skammt á veg komin í samanburði við önnur lönd, sem er athyglisvert fyrir þær sakir að veiðistjórnun á fiskistofnum við Ísland er afar skipulögð og þróuð.

Við eigum langt í land með að skilja hvað knýr áfram breytingar á stærð veiðistofna og það er löngu tímabært að efla rannsóknir á því sviði. Rannsóknir á sambandi rjúpu og fálka hafa fengið duglegum skerfi úthlutað úr Veidikortasjóði en nú er mál til komið að auka þekkingu okkar á fleiri áhrifaþáttum á rjúpnastofninn. Þverfaglegar rannsóknir eru það sem koma skal, með þátttöku veiðimanna, áhugafólks og sérfræðinga undir leiðsögn vísindamanna. Í grein undirritaðs í Fréttablaðinu 22. nóvember 2012 koma fram byltingarkenndar hugmyndir um veiðistjórnun á Íslandi þar sem landinu er skipt í 6-8 veiðisvæði og öllu skipulagi umbylt.

Rauði þráðurinn á veiðistjórnunarráðstefnunni var að reynsla erlendis frá sýni að aðkoma veiðimanna sjálfra að rannsóknum er mjög mikilvæg enda næst þannig að virkja breiðari hóp til gagnaöflunar og jafnvel sýnatöku. Það er umhugsunarefni hvort hér á Íslandi sé ekki tími til kominn að gera veiðimenn enn virkari í því að afla sýna fyrir vísindamenn og heimila takmarkaðar veiðar í vísindaskyni á svæðum sem nú eru friðlýst eins og t.d. Guðlaugstungur norðan Hofsjökuls. Þá er borðleggjandi að fá veiðimenn til að leggja fram hluta af afla sínum sem sýni, m.a. til að skera úr um hvort svartfuglar sem veiddir eru á vorin eru varpfuglar eða ekki. Stytting á veiðitíma svartfugls er byggð á tilgátum þess efnis að um varpfugl sé að ræða en í raun er ekkert sem sannar slíkt enda hafa engar rannsóknir verðir gerðar, þrátt fyrir itrekuð tilmæli frá SKOTVÍS. Hagsmunir veiðimanna fara oftar en ekki saman við hagsmuni þeirra sem vilja efla rannsóknir og friða landið og náttúruna fyrir of miklum ágangi. Þegar á hólminn er komið eru þeir sem

allt vilja banna og öllu vilja loka sárafáir aðilar og skoðanir þeirra endurspeglar ekki vilja almennings.

Æ oftar heyrast hugmyndir um fjölgun veiðidýra á Íslandi, enda höfum við úr fáum stofnum að veiða. Er svo komið að með breyttu deufurari, hlýindaskeiði, muni hánorrænar tegundir eins og rjúpan og álkan eiga erfðara með lífsbjörg og afkomu.

Þrátt fyrir að þær hverfi ekki er hugsanlegt að stofnstærðin verði aðeins svipur hjá sjón, jafnvel innan fárra áratuga. Innflutningur framandi dýrategunda er mál sem þarfnast gaumgæflegar skoðunar og forrannsóknna ásamt vöktun og rannsóknum ef að verður. Það er réttmæt krafa skotveiðifólks á Íslandi til rannsóknna á veiðistofnum, og skoði líka fyrir alvöru kosti og galla við innflutning á nýjum tegundum sem hugsanlega geta skapað sér sess í íslenskri náttúru. Nýjar tegundir fugla berast til landsins ár hvert og á sínum tíma voru hreindýr flutt til landsins. Í dag dettur engum heilvita manni í hug að náttúra Íslands væri betur komin án þeirra,

því ekki að skoða með opnum huga hvað aðrar tegundir geta fært okkur? Rannsóknir á hreindýrastofninum eru kostaðar alfarið af veiðimönnum í gegnum veiðileyfi og þrátt fyrir að gera megi breytingar á úthlutun veiðileyfa, er fyrirkomulagið að mörgu leyti gott og atvinnusköpun og rannsóknir eru fylgifsakar hreindýraveiða á Austurlandi. Hugmyndafræðina um hreindýrin á Austurlandi og allt sem þeim fylgir má svo sannarlega heimfæra á önnur landsvæði, nærtækast er að horfa til NA lands, og í framhaldinu á norðanvert landið og til Vestfjarðakjálkans.



Savage Arms

The Definition of Accuracy







Framúrskarandi
fyrirtæki 2010



Framúrskarandi
fyrirtæki 2011



Framúrskarandi
fyrirtæki 2012

Eingöngu koma til greina þau fyrirtæki sem stálst hafa styrkleikamat Creditinfo og uppfylla ströng skilyrði. Þráð er á meðal 1% íslenskra fyrirtækja sem standast þær kröfur.

UMBODSABILI Á ÍSLANDI



VEIÐIHORNID
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410 - VEIÐIHORNID.IS

Íslenskir sjófuglar

Sjófuglar eru um 3-4% af öllum fuglategundum heimsins. Mest er af þeim þar sem framleiðsla sjávar er mikil. Ísland er til dæmis heimkynni um fjórðungs allra sjófugla í Norður-Atlantshafi. Náttúrufræðingar hafa á síðustu árum rannsakað íslenska sjófuglastofna og hafa rannsóknirnar meðal annars verið styrktar af Veiðikortasjóði. Nokkrar niðurstöður verða raktar hér í stuttu máli.

Tveir stofnar eru í vexti, súla og dílaskarfur. Súlu hefur fjölgað um allt austanvert N-Atlantshaf síðastliðna öld og er það sennilega afleiðing af minnkaðri nýtingu⁽¹⁾. Fæðan er mest uppsjávarfiskur, svo sem makrill, síld, loðna og sandsíli⁽²⁾. Súlan er þó varla háð neinni sérstakri fiskitegund. Dílaskarfi hefur farið fjölgandi hér frá 1995 en þá var stofninn í nokkurri lægð⁽³⁾. Fæðan er grunnævisfiskur, aðallega marhnútur^(4, 5). Stofnstærð þessara tegunda er vel þekkt, súlan er talin með 5-10 ára millibili á öllu N-Atlantshafi, dílaskarfurinn er talinn árlega hér á landi og einnig er metin viðkoma og afföll⁽⁶⁾. Fyl fjölgaði víða á 19. og 20. öld en nýlega er farið að bera á fækkun á jaðarsvæðum^(7, 8). Fjöldinn hér er sennilega 1-1,5 milljón þör, langflest á Vestfjörðum.



Langvíur og stuttnefur

Nokkrir stofnar eiga bágt vegna fækkunar sandsílis sem hófst um 2005 og hafa svarað fækkuninni hver með sínu móti. Toppskarfsstofninn hefur verið haldist nálægt jafnvægi en breytt útbreiðslu og fæðu þegar sílið hrundi⁽⁹⁾. Lundi og kria hafa ekki komið upp ungum á sunnanverðu landinu síðustu 8 ár, en hafa bjargast norðanlands^(10, 11, 12). Langvíu hefur fækkað um nálægt 30% á tveimur áratugum, aðallega á vestanverðu landinu. Álku hefur fækkað um 20%, fækkunin er langmest á Hornströndum og í Látrabjargi og virðist varpfluglinn hafa flutt sig austur um til Grímseyjar og fleiri staða⁽¹³⁾.



Álka

Íslenski ritustofninn hefur haldið í horfinu og aðeins fækkað um 12% á síðustu tveimur áratugum. en hafði áður farið hægt fjölgandi⁽¹⁴⁾. Fækkunin var aðallega á austanverðu landinu, langmest á Langanesi þar sem fjöldinn minnkaði helming í aldarbyrjun og hefur ekki náð sér síðan⁽¹⁵⁾. Á móti kemur aukning suðvestanlands og á Hornströndum. Þessar breytingar á fjölda gætu tengst fæðuframboði. Loðna er ein aðalfæðan⁽¹⁶⁾ og hliðrun hennar til vesturs á síðustu árum gæti hafa hnikað ritunni.

Álku hefur fækkað um 20%, fækkunin er langmest á Hornströndum og í Látrabjargi og virðist varpfluglinn hafa flutt sig austur um til Grímseyjar og fleiri staða.

Stuttnefju hefur fækkað gríðarlega á síðustu 50 árum⁽¹³⁾. Stuttnefjan er íshafsfugl en fækkunin er ekki minni norður á Spitsbergen, Jan Mayen og Au-Grænlandi en hér á landi. Fækkun er einnig

mjög mikil á V-Grænlandi. Vestur í Íshafslöndum Kanda, er stuttnefjan í jafnvægi eða svolitilli aukningu. Nokkrar skýringar á viðtækri fækkun stuttnefju koma til greina: 1) hlýnun loftslags, 2) breytingar á fæðu (krabbadýr eða smáfiskar), 3) ofveiði á vetrarstöðvum (einkum við Grænland og Nýfundnaland), 4) ólögleg veiði og




trufun á varpstöðvum á Grænlandi. Athyglisvert er að stuttnefju fækkar bæði hérlendis og í nyrstu byggðunum og því á skýringin⁽¹⁾ varla við. Ofveiði og breytingar á fæðu eru skýringar sem ekki hafa verið útilokaðar.

Veiðar á sjófuglum eru nú hvergi stundaðar nema á Íslandi, í Færeyjum, á Grænlandi og á nokkrum tegundum á Nýfundnalandi (svartfugl) og Noregi (skarfar). Almenn þola sjófuglar aðeins litla veiði því að viðkoman er lítil og nýliðun hæg. Ýmsir stofnar eru í fækkun og fækkunin tengist hugsanlega veiðum (stuttnefja, lundi). Margar tegundir verða auk þess fyrir öðrum afföllum af manna völdum. Má þar nefna loftslagsbreytingar, mengun sjávar af olíu og öðrum óþverra, og fiskveiðar (netjaveiðar sem bitna á svartfuglum og línuveiðar sem drepa fyl á okkar slóðum en albatrosa í suðurhöfum). Ísland hefur lögsögu yfir um fjórðungi af sjófuglum N-Atlantshafs og ber ábyrgð á því að

skaffa frambærileg gögn um fjölda, viðkomu, afföll og umhverfisaðstæður helstu tegunda í lögsögunni.

Heimildir


- (1) Arnþór Garðarsson, Bliki 29, 19-22, 2008.
- (2) Freydis Vigfúsdóttir o.fl., Bliki 30, 55-60, 2009.
- (3) Arnþór Garðarsson, Bliki 29:1-10, 20 Bliki 29:1-10, 2008.
- (4) Kristján Lilliendahl o.fl., Bliki 24, 1-14, 2004.
- (5) Kristján Lilliendahl, Jón Sólmundsson, Marine Biology, 149, 979-990, 2006.
- (6) Arnþór Garðarsson, Jón E. Jónsson, í T. Bregnballe ofl (ritstj.), Tech. Report DCE Aarhus Univ. No. 22, 55-58, 2013.
- (7) Aðalsteinn Ö. Snæþórsson, Bliki 31, 11-14, 2011.
- (8) Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Kristján Lilliendahl, Bliki 31, 1-10, 2011.
- (9) Arnþór Garðarsson, Ævar Petersen, Bliki 30, 9-26, 2009.
- (10) Erpur S. Hansen o.fl, óbirt.
- (11) Freydis Vigfúsdóttir o.fl., Bird Study 60, 289-297, 2013.
- (12) Kristján Lilliendahl o.fl., Náttúrufr. 83, 81-95, 2013.
- (13) AG, GAG, KL, Bliki 33, í prentun, 2014.
- (14) AG, GAG, KL, Bliki 32, 1-10, 2013.
- (15) Yann Kolbeinsson o.fl. Fuglavöktun í Þingeyjarsýslum 2012. Skýrsla Náttúrustofu Norðausturlands, apríl 2013.
- (16) Kristján Lilliendahl, Jón Sólmundsson Bliki 10, 1-12, 1998.



VEIÐISVÆÐI
Merktu við svæði

Veiðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals




VEIÐISVÆÐI
Merktu við svæði

Veiðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	Samtals


Veðistaður: _____ Dags: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Vindátt: _____ Veður: _____
 Annað: _____ Skotanotkun: _____



VEIÐISVÆÐI
 Merktu við svæði

